



Efnahags- og viðskiptanefnd  
Nefndasvið skrifstofu Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Austurstræti 8-10

28. apríl 2021

150 Reykjavík

**Umsögn BHM um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna hækkunar lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs og ákvæðum um tilgreinda séreign (lágmarkstryggingavernd o.fl.), 700 mál.**

BHM þakkar fyrir að hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Bandalagið styður hækkun lágmarksiðgjalds til lífeyrissjóðs úr 12% í 15,5% en telur mikilvægt að ýmis efnisatriði frumvarpsins verði tekin til frekari umræðu og samræðs við aðila vinnumarkaðar áður en málið verður afgreitt á Alþingi. Gera þarf betur grein fyrir áhrifum einstakra breytinga til að víðtækari sátt muni ríkja um málið.

### 1. Aukið flækjustig gæti reynst dýrkeypt

BHM telur séreignarþátt lífeyriskerfisins mikilvæga stoð sem skapi valfrelsi og nauðsynlega áhættudreifingu fyrir marga sjóðfélaga. Bandalagið telur þó óljóst af hverju stjórnvöld hafa valið að auka flækjustigið frá því sem nú er með innleiðslu tilgreindrar séreignar í stað þess að styrkja aðrar stoðir s.s. viðbótarlífeyrissparnað. Aukið flækjustig gæti reynst samfélagi og sjóðfélögum dýrkeypt og unnið gegn því markmiði að hámarka velferð sem flestra vegna aldurstengds- og/eða heilsutengds atvinnumissis:

- i. Aukið flækjustig mun birtast í auknum umsýslu- og rekstrarkostnaði sjóða og koma niður á lífeyrisgreiðslum til lengri tíma.
- ii. Upplýsingaskylda lífeyrissjóðanna er mikilvægari nú en nokkru sinni fyrr en nýlegar breytingar munu auka flækjustig í upplýsingagjöf til muna. Sífelld erfiðara verður að hjálpa einstaklingum að velja sparnaðarleið og skilja fórnarskiptin milli ráðstöfunar í samtryggingu og séreign. Hætt er við að fjölmargir sjóðfélagar muni hreinlega ekki hafa forsendur til að taka upplýsta ákvörðun um ráðstöfun iðgjaldsins í ljósi aukins flækjustigs. Er þetta sérstakt áhyggjuefni fyrir ungt fólk.

### 2. Tilgreind séreign gæti haft í för með sér aukið ójafnræði milli hópa samfélagsins

Ljóst er að tilgreind séreign mun leiða til veikingar á samtryggingarþætti lífeyriskerfisins af ýmsum sökum. Val einstaklings á samsetningu ráðstöfunar mun hafa áhrif á réttindi í almannatryggingakerfinu á lífsleiðinni enda gert ráð fyrir því að tilgreind séreign verði undanskilin í tekjuskurðingum almannatrygginga. Þá vekur það sérstaka athygli að skv. frumvarpinu verður heimilismönnum á dvalar- og hjúkrunarheimilum mismunað á grundvelli samsetningar lífeyrissparnaðar enda munu lífeyrisgreiðslur úr tilgreindri séreign ekki teljast til tekna þegar greiðslupátttaka við öldrunarþjónustu er ákvörðuð meðan lífeyrisgreiðslur úr samtryggingarsjóði munu teljast til tekna. BHM mótmælir því harðlega að ætlunin sé að skapa nýja tegund ójafnræðis/misréttis milli þeirra sem hafa getu og/eða vilja til að velja tilgreinda séreign og annarra í íslenska lífeyriskerfinu. Mikilvægt er að betri skýringar fylgi frumvarpinu

um tildrög ákvörðunar um veikingu samtryggingarþáttarins ásamt ítarlegra mati á áhrifum þessa á hag sjóðfélaga og skattgreiðendur. Í þessu samhengi geldur BHM jafnframt varhug við bráðabirgðaákvæði í 9. grein sem heimilar ótímabundna undanþágu frá 15,5% iðgjaldi. Hafa ber í huga að sameiginlegt markmið vinnumarkaðar og stjórnvalda á undanförunum árum hefur verið að samræma lífeyrisréttindi milli markaða og mismunandi hópa samfélagsins. Um það vitnar samkomulag stjórnvalda við BHM, BSRB og KÍ frá 2016 um jöfnun lífeyrisréttinda á milli almenna og opinbera vinnumarkaðarins. Þessar hugmyndir ganga gegn því markmiði.

### 3. Aðrir þættir frumvarpsins

- i. BHM er mótfallið því að upphafsviðmiðunaraldur réttindaávinnslu sé færð í 18 ár úr 16 árum með tilheyrandi skerðingu lífeyriskjara síðar á lífsleiðinni. Verulega skortir jafnframt á rökstuðning og áhrifamat þess í framlögðu frumvarpi.
- ii. Í frumvarpinu er sett fram sú breyting að lífeyrisgreiðslur verði verðtryggðar árlega í stað mánaðarlega og sagt að breytingin miði m.a. að því að draga úr kröfum um endurgreiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins vegna vanáætlunar á greiðslum frá lífeyrisjóðum í byrjun hvers árs. Telur bandalagið þá skýringu ekki fullnægjandi.

### 4. BHM hvetur til samráðs og yfirvegunar

BHM gerir verulegar athugasemdir við skort á samráði við bandalagið við útfærslu hugmyndarinnar um tilgreinda séreign. Það er ótækt að ákvarðanir séu teknar með þessum hætti af ASÍ og SA fyrir allan vinnumarkaðinn enda stríðir það gegn frjálsum samningsrétti á vinnumarkaði og getur haft afdrifaríkar afleiðingar fyrir samfélagið og vinnumarkaðinn í heild sinni. Hafa ber þá í huga að sjóðir á samningssviði ASÍ og SA standa undir minna en helmingi af eignum og árlegum iðgjöldum allra lífeyrisjóða. Telur bandalagið jafnframt ámælisvert að ekki hafi verið haft víðtækara samráð við heildarsamtök á vinnumarkaði og aðra hagaðila um mótun þess frumvarps sem nú liggur fyrir.

BHM hvetur stjórnvöld til að huga að umbótum í samráðsferli framtíðar en áframhaldandi samráðsleysi gæti orðið þjóðfélaginu dýrkeypt. Íslenska lífeyrisskerfið var það þriðja stærsta innan OECD árið 2019 en á árinu 2020 voru lífeyriseignirnar tæplega tvöföld landsframleiðsla. Kerfið stendur frammi fyrir ýmsum áskorunum á næstu áratugum m.a. vegna síaukins flækjustigs, breyttrar aldursamsetningar þjóðarinnar, hugsanlegrar hækkunar lífeyristökualdurs, stærðar á innanlandsmarkaði o.m.fl. Mikilvægt er að breiðari sátt ríki um framtíð kerfisins og stefnu en rangar ákvarðanir á þessu sviði, án samráðs við hagaðila og mats á kostnaði og ábata einstakra breytinga, munu hafa afdrifaríkar afleiðingar fyrir hag almennings og hagkerfisins alls til frambúðar.



---

Vilhjálmur Hilmarsson  
Hagfræðingur BHM



---

Jóhann Gunnar Þórarinnsson  
Formaður BHM